

FUNDARGERÐ

329. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 15:30.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Hildur Þórisdóttir (HP) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Gjaldskrár – endurskoðun
- 2 Útkomuspá 2023 og áætlanir 2024 og 3ja ára áætlun
- 3 Vatnveita Borgarfjarðar eystri – gerlamengun
- 4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – staða
- 5 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku
- 6 Önnur mál

1 Gjaldskrár – endurskoðun

Farið yfir tillögur að gjaldskrá ársins 2024.

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 6% frá og með næstu áramótum.

Undantekningar eru: Tengigjöld utan þéttbýliskjarna á Egilsstöðum og Fellabæ hækki um 2%.

Fastagjöld (mælaleiga) hækki: 15mm: 10%

20-25mm: 15%

32-50mm: 25%

≥ 65mm: 25%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

Vatnsveita:

Samþykkt að hækka vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) um 3,5% frá og með næstu áramótum. Vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 35.000,- kr.

Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 9. gr.

Fráveita:

Samþykkt að fráveitugjald verði breytt úr 0,33% í núgildandi gjaldskrá í 0,31% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum. Rotþróagjöld eru í vinnslu. Önnur gjöld fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4. mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

Gagnaveita:

Samþykkt liðir 5-8 í 5. gr. gjaldskrár, tengigjöld o.fl. verði óbreytt, en aðrir liðir gjaldskrár gagnaveitu hækki um 5% frá og með 1. janúar 2024.

2 Útkomuspá 2023 og áætlanir 2024 og 3ja ára áætlun

Mál í vinnslu, framkvæmdarstjóra falið að uppfæra gögn og senda stjórn.

3 Vatnveita Borgarfjarðar eystri – gerlamengun

Málið er í vinnslu, beðið er niðurstaðna úr mælingu sem fór fram í gær 16 október. Verið er að undirbúa að setja upp geislun fyrir neysluvatnið.

4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – staða

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að verksamningi milli HEF veitna og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða. Fram kom hjá verktakanum á fundi með fulltrúum HEF að verkið myndi hefjast seinnipart nóvember eða byrjun desember og borun taki 1-2 mánuði.

Skv. upplýsingum frá starfsmönnum Múlaþings eru leyfismál af hálfu sveitarfélagsins frágengin og unnið í að afla leyfa frá Orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

5 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund fulltrúa HEF veitna, Múlaþings og Rarik, sem fram fór fyrir í dag. Farið var yfir umræður á fundinum og hvaða vinnu þyrfti að ljúka fyrir næsta fund sem áformaður er um miðjan nóvember.

6 Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður 20. október kl. 10:00 til að ljúka yfirstandandi vinnu við fjárhagsáætlun.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 19:15

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritun fundargerðar er á næstu síðu.